



Reykjavík, 18. september 2019

SFS2019080117

175. fundur

HG

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Varðandi tillögu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að tekjur foreldra hafi beint áhrif á gjaldskrá frístundaheimila

Á fundi borgarráðs 22. ágúst 2019 var svohljóðandi tillögu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs:

Lagt er til að borgarráð samþykki að tekjur foreldra/forsjármanna hafi bein áhrif á gjaldskrá frístundaheimila. Foreldrar með 350 þ.kr. tekjur á mánuði og borga þar af leigu geta varla haft mikið aukreitis. Flokkur fólksins hefur lagt til að þeir foreldrar sem eru undir framfærsluviðmiði velferðarráðuneytis fái gjaldfrjáls frístundarheimili en þeirri tillögu hefur verið hafnað. Á árinu 2017 fengu 466 foreldrar 777 barna fjárhagsaðstoð til framfærslu. Margir þessara foreldra geta ekki greitt frístundargjaldið og lenda í vanskilum. Þá hefst afar tyrfin vegferð þeirra til að reyna að fá skuld sína afskrifaða. Flókið ferli er aldrei ódýrt. Ferli sem er á mörgum stigum og kemur inn á borð margra starfsmanna kostar peninga. Ferlið er auk þess óþarflega snúið því skóla- og frístundasvið hefur ekki heildarmyndina hjá sér, starfsmenn hafa engar upplýsingar um tekjur foreldra. Árið 2017 fengu 466 foreldrar 777 barna í Reykjavík fjárhagsaðstoð til framfærslu. Það sem verra er að enn fleiri þyrftu aðstoð en fá ekki. Hægt er að sækja um þriggja mánaða skuldaskjól. Matsreglur og umsóknarferlið er flókið og kemur inn á borð margra.

Til upplýsinga er meðfylgjandi minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs dags. 24. júní 2019 þar sem fjallað er um fyrri tillögu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði um aðgang skóla- og frístundasviðs að upplýsingum um tekjur eða framfærslu forráðamanna barna sem sækja frístundaheimili. Minnisblað, dags. 24. júní 2019, lýsir reglum sem í gildi eru í dag.

Reykjavík, 24. júní 2019
SFS2018120012
165. fundur
HG/gs

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Varðandi tillögu fulltrúa Flokks fólksins um að skóla- og frístundasvið hafi aðgang að upplýsingum um tekjur og framfærslu forráðamanna þeirra barna sem sækja frístundaheimili

Á fundi borgarráðs þann 29. nóvember 2018 var samþykkt að vísa svohljóðandi tillögu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins til meðferðar skóla- og frístundaráðs:

Lagt er til að borgarráð samþykki að skóla- og frístundasvið hafi aðgang að upplýsingum um tekjur eða framfærslu forráðamanna þeirra barna sem sækja frístundaheimili og afgreiði málefni þeirra innan sviðsins. Þetta kallar á endurskoðun á verklagsreglum og ferlinu öllu. Með þessari breytingu yrði væntanlega létt á ferlinu, það gert skilvirkara fyrir notendur þess. Þessi tillaga er lögð fram í tengslum við umsögn skóla- og frístundasviðs við tillögu Flokks fólksins um að börn foreldra sem eru undir fátæktarmörkum fái gjaldfrjáls frístundaheimili fyrir börn sín.

Gjaldskrá skóla- og frístundasviðs vegna frístundaheimila og reglur um þjónustu frístundaheimila kveða á um hvert gjald foreldra er fyrir þjónustu frístundaheimila. Veittur er afsláttur til starfsmanna frístundaheimila og sértækra félagsmiðstöðva auk þess sem veittur er systkinaafsláttur. Ekki er gert ráð fyrir því að tekjur foreldra og forsjármanna hafi áhrif á gjaldið. Vegna þessa þyrfti því í fyrsta lagi að taka ákvörðun um að tekjur foreldra/forsjármanna hafi áhrif á gjaldskrána.

Til samræmis við það sem fram kemur í umsögn til borgarráðs, dags. 29. október 2018, í tengslum við tillögu um gjaldfrjáls frístundaheimili fyrir börn efnaminni foreldra eru í gildi verklagsreglur milli skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs sem samþykktar voru á fundi borgarstjórnar þann 17. desember 2013. Þar er gert ráð fyrir því að fram fari mat á aðstæðum hverju sinni í stað þess að tekjurnar einar og sér ráði gjaldi foreldra.